

Heimar hf.: Útgáfa á nýjum grænum skuldabréfaflokk

Heimar hf. (Nasdaq: HEIMAR) hefur lokið útboði á nýjum skuldabréfaflokki HEIMAR230628 GB

HEIMAR230628 GB er grænn, óverðtryggður flokkur og ber fljótandi vexti tengda þriggja mánaða REIBOR að viðbættu vaxtaálagi með lokagjaldþaga 23. júní 2028 og greiðist höfuðstóllinn á lokagjaldþaga. Flokkurinn verður veðtryggður í almennu tryggingarfyrirkomulagi félagsins.

Alls bárust tilboð að fjárhæð 1.920 m.kr. á álaginu 0,88% til 1,05% á 3M REIBOR. Ákveðið var að taka tilboðum að fjárhæð 1.120 m.kr. að nafnverði á álaginu 0,90%.

Uppgjör viðskiptanna er fyrirhugað þann 23. október næstkomandi. Óskað verður eftir því að hin nýju skuldabréf verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. í kjölfarið.

Útboðið er undanþegið gerð lýsingar, sbr. d-liður 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, sbr. lög nr. 14/2020. Nálgast má grunnlýsingu, endanlega skilmála, grænu umgjörðina og önnur skjöl er varða útgáfu framangreinds skuldabréfaflokks á vefsíðu félagsins á slóðinni <https://www.heimar.is/fjarfestar/fjarmoegnun/>

Tilkynningar sem félagið birtir í tengslum við viðvarandi upplýsingaskyldu frá birtingu grunnlýsingar má jafnframt nálgast á vefsíðu félagsins.

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hefur umsjón með útgáfu og sölu skuldabréfanna ásamt töku þeirra til viðskipta á Nasdaq Iceland.

Nánari upplýsingar:

Björn Eypór Benediktsson – Framkvæmdastjóri fjármála – eythorb@heimar.is

Viðhengi

[Heimar hf.: Útgáfa á nýjum grænum skuldabréfaflokk](#)